

504

Jesú nafn um aldir alda



1. Jes - ú nafn um ald - ir ald - a un - að veit - ir Drott - ins hjörð,
á því tím - ans tönn - ei vinn - ur, tendr - ar ljós á vorr - i jörð.

Jes - ú nafn með undr - a afl - i all - ar sál - ir dreg - ið fær
Nafn þitt, Jes - ú, ég vil elsk - a, Jes - ú nafn er hugg - un mín.

inn að Drott - ins ást - ar - hjart - a, al - sæl - unn - ar himn - i nær.
Í hans nafn - i fann ég frels - i, frið sem aldr - ei, aldr - ei dvín.

2. Jesú nafn skal hærra, hærra
hljóma yfir vorri jörð,
Jesú nafn og ekkert annað
eflir Drottins litlu hjörð,
hrekur burtu hatrið blinda,
hrelldum sálum veitir frið,
gefur þrek og þrótt að stríða
þeim sem elska réttlætið.
*Nafn þitt, Jesú, ég vil elska,
Jesú nafn er huggun mín.
Í hans nafni fann ég frelsi,
frið sem aldrei, aldrei dvín.*

3. Jesú nafn með ljúfum ljóma
líkt og morgunstjarna skær
yfir veginn villugjarna
vonarbjörtum geislum slær
og er sólin aldrei framár
yljar vora köldu jörð
Jesú nafn um aldir alda
alsæl tignar Drottins hjörð.
*Nafn þitt, Jesú, ég vil elska,
Jesú nafn er huggun mín.
Í hans nafni fann ég frelsi,
frið sem aldrei, aldrei dvín.*